



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2017

Auðkennið TALENT

I.

Erindið

Mál þetta hófst með erindi Talent ráðningar og ráðgjöf ehf., dags. 4. janúar 2017, þar sem kvartað var yfir notkun á heimasíðu/léni Talent ráðninga og ráðgjafar, talent.is, af hálfu Fast ráðninga ehf. Með erindinu er þess krafist að Fast ráðningum, eiganda félagsins og Lind Einarsdóttur, starfsmanni Fast ráðninga, verði bannað að nota lénið talent.is í atvinnustarfsemi. Jafnframt verði bönnuð notkun á öðrum lénum og netföngum sem innihaldi orðið talent, hvort tveggja að viðlögðum dagsektum skv. 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Loks verði Fast ráðningum gerð stjórnvaldssekt samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr., sbr. 3. mgr. 26. gr., sömu laga og sekt ákveðin að hámarki 10.000.000 kr., sbr. 2. mgr. 22. gr. laganna.

Í bréfinu segir að með kaupsamningi 3. september 2015 hafi Talent ráðningar og ráðgjöf keypt heimasíðuna talent.is af fyrirtækinu Talent ráðningar ehf. ásamt tölvukerfum og húsbúnaði, en í framhaldi hafi rekstri Talent ráðninga verið hætt og fyrirtækið afskráð. Núverandi framkvæmdastjóri Talent ráðninga og ráðgjafar hafi undirritað kaupsamninginn ásamt Lind, fyrrum eiganda Talent ráðninga, sem seljandi. Eftir stofnun Talent ráðningar og ráðgjöf hafi Lind starfað hjá Talent ráðningum og ráðgjöf þar til tilkynnt voru veikindi þann 2. desember 2016. Tveimur vikum síðar hafi hún tilkynnt um starfslok.

Við starfslokin hafi einnig komið á daginn að Lind, í samstarfi við dóttur sína, hafi stofnað fyrirtækið Fast ráðningar ehf. þann 29. nóvember 2016 en tilgangur þess fyrirtækis sé rekstrarráðgjöf, ráðgjöf vegna mannauðsmála, myndbanda- og auglýsingagerð. Fyrirtækið hafi verið skráð 20. desember 2016.

Þegar viðskiptavinir Talent ráðninga og ráðgjafar hugðust notfæra sér þjónustu fyrirtækisins hafi komið í ljós að búið var að loka heimasíðunni talent.is og viðskiptavinum þess í stað beint inn á heimasíðuna talent.rada.is eða bent á að hafa samband við nánar tilgreindan starfsmann. Við nánari skoðun hafi einnig komið í ljós að Lind og dóttir hennar hafi nýlega skráð lénið talent.radningar.is og að dóttirin noti netfang þar sem orðinu „talent“ hafi verið skeytt fyrir framan nafn hennar.



Talent ráðningar og ráðgjöf telji einsætt að félagið hafi eignast lénið talent.is með kaupsamningi 3. september 2015 og að með framangreindri háttsemi hafi Fast ráðningar og eigendur þess ekki einasta stolið auðkenni kæranda TALENT og talent.is heldur og blekkt viðskiptavinum félagsins til að eiga viðskipti við alls óskýlt fyrirtæki, þannig bakað Talent ráðningum og ráðgjöf stórfelldu tjóni og kippt áframhaldandi rekstrargrundvelli undan fyrirtækinu. Vísi Talent ráðningar og ráðgjöf í þessu sambandi til 6. tl. 3. gr., 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, en síðastgreint ákvæðið leggi bann við því að Fast ráðningar noti nafn eða auðkenni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð þess er noti. Breyti engu þótt svo ólíklega vildi til að Lind teljist eiga tilkall til lénsins talent.is, enda framangreind notkun, sér í lagi eins og fram komi á fylgiskjali með bréfinu, til þess eins fallin að viðskiptavinir félagsins villist á auðkenni þess TALENT og vefslóðinni talent.is sem félagið hafi notað með fullum rétti í eigin atvinnurekstri síðan í september 2015.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Talent ráðninga og ráðgjafar var sent til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. janúar 2017. Svar barst f.h. Fast ráðninga, eiganda þess og Lindar með bréfi þann 23. janúar 2017. Í bréfinu segir að Lind hafi frá upphafi verið eigandi lénsins talent.is. Hún hafi keypt lénið árið 2007. Þannig sé það skráð hjá þar til bærum aðilum. Félag hennar, Talent ráðningar, hafi ekki átt lénið heldur hún persónulega. Talent ráðningar hafi selt heimasíðu til Talent ráðninga og ráðgjafar fyrir rúmu ári síðan, þ.e. síðuna sjálfa, uppsetningu hennar og útlit, en ekki lénið talent.is. Ef slíkt hefði verið hefði það verið skýrt tekið fram í samningi. Einnig sé áréttað að fyrirtækið geti ekki selt það sem ekki sé eign þess. Þessu til staðfestingar fylgi yfirlýsinga helmingseiganda Talent ráðgjafa og ráðningar og yfirlýsing fyrrum helmingseiganda Talent ráðninga. Talent ráðningar og ráðgjöf sé aðeins rúmlega árs gamalt fyrirtæki.

Þar fyrir utan hafi lénið talent.is ekki verið nýtt í andstöðu við viðskiptahagsmuni Talent ráðninga og ráðgjafar. Þegar ljóst hafi verið, í lok árs 2016, að Lind gæti ekki haldið áfram að starfa hjá félaginu hafi hún sagt upp og minnt á að hún ætti lénið talent.is og hygðist taka það með sér. Hún gæfi þó félaginu nokkra daga til að útvega sér nýtt lén, sem unnt sé að gera samdægurs. Framkvæmdastjóri félagsins hafi tekið uppsögninni illa. Vegna deilna þeirra í milli hafi heimasíða Talent ráðninga og ráðgjafar verið tekin niður á föstudegi og hafi ný heimasíða félagsins verið komin upp í byrjun vikunnar á eftir. Þeir aðilar sem slógu inn talent.is á þeim tíma hafi fengið upp skjámynd þá sem fylgi bréfinu. Reynt hafi verið eftir megni að leysa deilurnar, án árangurs. Nokkrum dögum síðar hafi heimasíða Fast ráðninga verið opnuð. Eitt lénanna sem nýtt sé fyrir Fast ráðningar sé talent.is, en þegar það sé slegið inn sjáist skýrt að komið sé inn á heimasíðu Fast ráðninga. Talent sé þekkt orð fyrir hæfileika, sem séu mikils virði í ráðningargeiranum og því í raun merkilegt að fengist hafi einkaleyfi fyrir því nafni. Ekki



sé á neinn hátt verið að blekkja neytendur með því að þeir séu á heimasíðu Talent ráðninga og ráðgjafar eða látið að því liggja að fyrirtækin séu tengd. Orðið Talent sé ekki að finna á heimasíðunni og hvergi sé vísað til lénsins eða endingarinnar talent.is. Það sé hins vegar ekki neitt launungamál að Lind hafi starfað við ráðningar í fjöldamörg ár og það að margir viðskiptavini fylgi henni sé eðlilegt, burt séð frá því hvaða nafn sé notað. Framkvæmdastjóri Talent ráðninga og ráðgjafar hafi aðeins starfað við ráðningar í rúmlega eitt ár eða frá stofnun félagsins. Það sé vel þekkt að lén fyrirtækja séu önnur en nöfn þeirra og helgist það oft af betri rétti annarra til lénanna, þ.e. að eignarhald annarra á tilteknu léni sé eldri en t.d. skráning vörumerkis eða einkaleyfis. Hafi slíkt verið látið átölulaust. Það sé staðan í þessu ákveðna tilfalli. Lénið hafi verið keypt og skráð fyrir 10 árum af Lind en félagið Talent ráðningar og ráðgjöf hafi verið stofnað fyrir rúmlega einu ári síðan.

Það skuli sérstaklega áréttað að allur póstur sem borist hafi á netfang Lindar hjá Talent ráðningum og ráðgjöf sé sjálfvirkt svarað með pósti til baka þar sem segi að hún noti ekki lengur þetta netfang. Viðkomandi póstur komi aldrei og hafi aldrei komið til starfsmanna Fast ráðninga, aðeins komi þessi sjálfvirki póstur sem svar. Þetta hafi verið gert að frumkvæði eiganda Fast ráðninga til að koma til móts við framkvæmdastjóra Talent ráðninga og ráðgjafar. Fyrirtækið sem sjái um hýsingu á póstum félagsins geti staðfest þetta.

Það hvaða g-mail netfang eigandi Fast ráðninga noti við skráningu félags hjá fyrirtækjaskrá hafi ekkert með mál þetta að gera.

Því sé mótmælt sem röngu að brotið hafi verið á nokkurn hátt gegn viðskiptahagsmunum Talent ráðninga og ráðgjafar með því að Lind hafi tekið með sér lén sem sé í hennar eigu. Einnig sé því mótmælt sem röngu að verið sé að nýta sér nafnið á nokkurn hátt í atvinnurekstri.

Með bréfinu fylgdi yfirlýsing hlutaeiganda Talent ráðninga og ráðgjafar þess efnis að hann væri mótfallinn því að kvörtun hafi verið send Neytendastofu vegna málsins. Með bréfinu fylgdi einnig yfirlýsing fyrrum hlutaeiganda Talent ráðningar þess efnis að lénið talent.is hafi aldrei verið í eigu félagsins.

2.

Bréf Fast ráðninga var sent Talent ráðningum og ráðgjöf til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 26. janúar 2017. Svar barst með bréfi, dags. 3. febrúar 2017. Í bréfinu er áréttað það sem fram fram kom í fyrra bréfi Talent ráðninga og ráðgjafar og skýringum Fast ráðninga mótmælt að því leyti sem fari í bága við málalíbúnað Talent ráðninga og ráðgjafar.

Í bréfinu segir að Lind hafi stýrt fyrirtækinu Talent ráðningar fram eftir ári 2015 en þá hafi reksturinn rambað á barmi gjaldþrots. Í stað þess að fara í þrot hafi hún selt allan rekstur og rekstrarbúnað fyrirtækisins til Talent ráðninga og ráðgjafar, nýstofnaðs fyrirtækis á sama sviði undir stjórn núverandi framkvæmdastjóra. Þegar kaupsamningurinn sé skoðaður veki athygli að við tilgreiningu á hinu selda sé fyrst tiltekin „*Heimasíðan talent.is*“, því næst tölvukerfi,



fylgigögn, þá tölva, prentari, húsbúnaður o.fl. Þegar að þessu gættu ætti engum að dyljast hvað kaupin hafi snúist um og í hvaða forgangsrið.

Lind hafi haft margra ára reynslu á sviði ráðningarþjónustu og ráðgjafar vegna starfsmannamála og því hafi hún strax verið ráðin til starfa fyrir Talent ráðningar og ráðgjöf við kaup á fyrirtækinu. Talent ráðningar hafi hins vegar verið afskráð.

Frá september 2015 hafi því aðeins eitt ráðningafyrirtæki á Íslandi notað auðkennið TALENT í rekstri sínum. Til að tryggja auðkennið hafi framkvæmdastjóri félagsins sótt um skráningu þess sem vörumerki og fékk það skráð þann 31. janúar 2016 í vöruflokkum 35 og 41, en þeir lúti með beinum hætti að atvinnustarfsemi Talent ráðninga og ráðgjafarar. Með skráningunni hafi félagið öðlast einkarétt á vörumerkinu TALENT samkvæmt lögum nr. 45/1997, um vörumerki. Vörumerki séu auðkenni sem atvinnurekandi noti til að aðgreina þá þjónustu sem hann láti í té frá þjónustu annarra atvinnurekenda. Í því felist að aðrir en eigandi vörumerkisins megi ekki nota í atvinnustarfsemi tákn sem séu eins eða lík, ef notkunin taki til eins eða svipaðrar þjónustu og vörumerkjarétturinn nái til og hætt sé við ruglingi, sbr. 4. gr. laga nr. 45/1997.

Unnið hafi verið að uppbyggingu og markaðssetningu Talent ráðninga og ráðgjafar og hafi Lind þegið rausnarleg laun fyrir, enda hafi reksturinn gengið vel. Á því hafi ekki orðið breyting fyrr en fimmtudaginn 15. desember 2016 þegar hún hafi óvænt tilkynnt uppsögn með tölvupósti, gæfi ekki færi á að hún ynni uppsagnarfrest, lýsti yfir eignarrétti á léninu talent.is og gaf félaginu frest til mánudagsins 19. desember til að færa heimasíðu félagsins yfir á nýtt lén. Þó hafi ekki liðið sólarhringur þar til búið hafi verið að loka fyrir aðgang Talent ráðninga og ráðgjafar og viðskiptamanna þess að léninu talent.is og þar með aðgang að heimasíðunni talent.is.

Til að bæta gráu ofan á svart hafi Lind daginn áður en hún hafi sagt upp störfum hjá félaginu, skráð lénið talentradningar.is og til að bíta höfuðið af skömminni hóf hún strax í desember að nota auðkennið TALENT og lénin talent.is og talentradningar.is í rekstri fyrirtækisins Fast ráðningar, sem hún og dóttir hennar höfðu nýlega stofnað í beinni samkeppni til Talent ráðningar og ráðgjöf.

Með því háttarni að loka fyrir aðgang Talent ráðninga og ráðgjafar að léninu talent.is hafi félagið orðið af 15-20 milljón króna samningi við stórfyrirtækið H&M um starfsmannaráðningar og starfsmannamál vegna opunar á H&M verslun hér á landi um mitt ár 2017, en þeir samningar voru á algeru lokastigi þegar vefsíðan hafi verið tekin niður og Talent ráðningar og ráðgjöf hafi meira eða minna orðið sambandslaust við viðskiptavini og verðandi viðskiptavini eins og H&M. Lind hafi tekið virkan þátt í samningaviðræðum við H&M og viti að fyrir lægi skriflegur samningur milli Talent ráðninga og ráðgjafar og H&M, sem beðið hafi undirritunar nú í byrjun janúar. Þá liggi fyrir fjöldi tölvupósta sem staðreyni hvernig samningaviðræður hafi þróast, sem og tölvupóstur frá fyrirsvarsmanni H&M, dags. 22.



desember 2016, þar sem tilkynnt sé að H&M bakki út úr viðskiptum vegna uppátækis Lindar. Umrædd gögn séu trúnaðarmál og verði ekki lögð fram nema Neytendastofa krefjist þess sérstaklega.

Á meðan heimasíða Talent ráðninga og ráðgjafar hafi legið niðri fyrir tilverknað Lindar hafi viðskiptamönnum og væntanlegum viðskiptamönnum Talent ráðninga og ráðgjafar verið beint inn á vefsíðu Fast ráðninga. Á því spellvirki hafi nú eina breytingin verið sú að þegar lénið talent.is sé slegið inn í leitarvafra sé notandi fluttur á vefsíðu Fast ráðninga, fastradningar.is.

Í 3. gr. laga nr. 57/2005 séu viðskiptahættir skilgreindir sem markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttarni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptaum með vöru og þjónustu. Samkvæmt 5. gr. séu óréttmætir viðskiptahættir bannaðir og í því sambandi vísað m.a. til V. kafla laganna. Þar segi í 14. gr. að óheimilt sé að veita ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða beita öðrum viðskiptaaðferðum sem sama marki séu brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð þjónustu í atvinnustarfsemi. Þá segi í 15. gr. a. að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hafi ekki rétt til sem noti. Ennfremur sé sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann eigi tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Talent ráðningar og ráðgjöf telji engan vafa á því að með þeirri háttsemi sem lýst hafi verið í bréfum félagsins hafi verið brotið gegn ákvæðum 14. gr. og 15. gr. a. laganna.

Til stuðnings framansögðu vísi Talent ráðningar og ráðgjöf einnig til reglna Internets á Íslandi hf. um lénaskráningu en þar segi í 3. gr. að skráning léns feli ekki í sér eignarrétt að léni heldur afnotarétt. Sá málalíbúnaður að Lind hafi keypt og eigi lénið talent.is sé því á misskilningi byggður.

Í 4. gr. reglnanna sé hugtakið lén skilgreint sem „*auðkenni á Internetinu*“. Að mati Talent ráðninga og ráðgjafar eigi þeir að vita, sem setji upp heimasíðu/vefsíðu fyrir fyrirtækjastarfsemi, að lén sé eitt það fyrsta sem huga þurfi að. Lénið sé það sem skilgreini hvað heimasíðan heiti og hvernig eigi að finna heimasíðuna á netinu. Þegar um fyrirtæki sé að ræða sé val á léni augljóst, þ.e. heiti léns sé haft sem líkast nafni þess fyrirtækis sem lénið eigi að nota. Lén þurfi að hýsa, en hýsing sé sá staður sem hýsi vefsíðuna þannig að þegar einhver slái léni inn í leitarvafra, t.d. talent.is, þá eigi heimasíða hlutaðeigandi fyrirtækis, hér Talent ráðningar og ráðgjöf, að birtast á tölvuskjá viðkomandi. Þannig verði heimasíðan/vefsíðan andlit fyrirtækisins. Heimasíðan og lénið myndi þannig órofa heild. Atvinnurekandi sem láti setja upp nýja heimasíðu eða kaupir í þágu atvinnurekstrar síns heimasíðu sem þegar sé til staðar í sama rekstrartilgangi hljóti þannig eðli málsins samkvæmt að kaupa og öðlast afnotaréttinn að því léni sem skilgreinir heimasíðuna. Að þessu gættu sé mótmælt þeim málalíbúnaði að fyrrum eigandi Talent ráðninga hafi eingöngu selt „*heimasíðuna talent.is*“ með kaupsamningi þann 3. september 2015.



Svo vikið sé að þeim yfirlýsingum sem fylgdu bréfi Fast ráðninga sé rétt að fram komi að hlutaeigandi Talent ráðninga og ráðgjafar sé tengdur Lind fjölskylduböndum og því skiljanlegt að hann styðji hana og fari frjálstlega með staðreyndir máls þótt sá stuðningur skaði hagsmuni Talent ráðninga og ráðgjafar. Vegna hinna nánu tengsla sé efni og sönnunargildi yfirlýsingarinnar mótmælt sem þýðingarlausu fyrir úrslit málsins. Þess utan hafi viðkomandi ekki komið að gerð eða undirritun kaupsamnings þann 3. september 2015 og hafi því ekki frá fyrstu hendi vitund um það hvað kaupanda og seljanda Talent ráðninga hafi farið í milli. Um yfirlýsingu fyrrum hlutaeiganda Talent ráðninga skuli taka fram að viðkomandi sé starfsmaður Fast ráðninga og yfirlýsingin varðandi samskipti hennar og Lindar, sem sé móðir eiganda Fast ráðninga. Yfirlýsingin hafi því enga þýðingu við úrlausn málsins og sé mótmælt á þeim grunni.

Samkvæmt 24. gr. áðurnefndra reglna ISNIC falli réttur yfir léni niður ef úrskurðanefnd léna, Neytendastofa, dómstólar eða aðrir þar til bærir aðilar komist að þeirri niðurstöðu að annar aðili eigi betri rétt til lénsins en sá sem skráður er fyrir því í rétthafaskrá ISNIC.

Talent ráðningar og ráðgjöf telji einsætt að fyrirtækið eigi í það minnsta betri rétt en Lind, áréttað sé í því sambandi allt sem áður hafi verið rakið, minnt á að lögð áhersla á lögvarinn einkarétt til notkunar á auðkenninu TALENT í starfsemi ráðningaþjónustu, atvinnumiðlun og annarra rekstrargreina samkvæmt vöruflokkum 35 og 41. Ítrekaðar eru áður gerðar kröfur, þar á meðal um álagningu dagsekta og stjórnvaldssekta.

3.

Bréf Talent ráðninga og ráðgjafar var sent Fast ráðningum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. febrúar 2017. Svar barst með bréfi, dags. 27. febrúar 2017, þar sem ítrekuð eru fyrri sjónarmið og skýringar.

Í bréfinu segir að Lind, sem sé móðir framkvæmdastjóra Fast ráðninga og fyrrum starfsmaður Talent ráðninga og ráðgjafar, hafi áður rekið félag undir nafninu Talent ráðningar í ansi mörg ár áður en það félag hætti rekstri. Það sé ástæða þess að hún persónulega eigi lénið talent.is. Þegar eignir Talent ráðninga hafi verið seldar til Talent ráðninga og ráðgjafar fyrir rúmlega ári síðan, hafi verið seldar þær eignir sem Talent ráðningar hafi átt. Lénið hafi ekki verið þar með talið enda hafi Lind átt það persónulega og hafi alltaf átt. Heimasíða og lén séu tveir ólíkir hlutir og oftast sé mun tímafrekara og kostnaðarsamara að setja upp virka heimasíðu en að opna nýtt lén.

Tveir aðilar hafi skrifað bréf til að bera því vitni hver eigandi lénsins sé. Það að Talent ráðningar og ráðgjöf segi þessa aðila ljúga sé alvarlegt mál. Það skuli tekið fram að hagsmunir hlutaeiganda Talent ráðninga og ráðgjafar liggi frekar í aðra átt en að staðfesta eignarhald fyrhverandi starfsmanns félagsins á léninu.



Hvað fyrrum meðeiganda að Talent ráðningum varði þá þekki viðkomandi uppruna lénsins og eignarhald þess. Að að hún vinni hjá Fast ráðningum í dag hafi engin áhrif á hagsmuni hennar af því að segja annað en sannleikann um eignarhald margrædds léns.

Samstarf Lindar og framkvæmdastjóra Talent ráðninga og ráðgjafar hafi verið stutt og mjög stormasamt. Í september hafi Lind gert framkvæmdastjóranum ljóst að ef tilteknir hlutir breyttust ekki verulega myndi samstarfi þeirra ljúka og hún fara í eigin rekstur. Það hafi því hvorki verið óvænt né skyndilegt þegar hún hafi sagt upp störfum um miðjan desember. Eins og fram hafi komið hafi hún boðið afnot af léninu talent.is þar til Talent ráðningar og ráðgjöf hefði komið sér upp nýju léni en vegna aðgerða framkvæmdastjóra félagsins í hennar garð hafi hún fallið frá því boði. Vefsíðan hafi verið tekin niður sem slík á föstudegi en settar inn upplýsingar um hvernig hægt væri að fá nánari upplýsingar. Á þriðjudegi á eftir hafi heimasíða Talent ráðninga og ráðgjafar verið komin upp að nýju, alls hafi hún því legið niðri í tvo virka daga.

Það sem haldið sé fram í bréfi Talent ráðninga og ráðgjafar um ástæður þess að H&M hafi fallið frá samstarfi við Talent ráðningar og ráðgjöf sé einfaldlega rangt. Það að heimasíðan hafi legið niðri hafi ekki haft neitt með það að gera. Lind hafi einnig fengið bréf frá forsvarsmönnum H&M þar sem ástæður þess séu skýrar. Helsta ástæða sem nefnd hafi verið í bréfinu hafi verið sú að hún væri ekki lengur starfsmaður hjá félaginu en fyrirhugað samstarf hefði verið bundið við að hún og framkvæmdastjóri félagsins ynnu að þessum málum. Því yrði ekki úr samstarfinu. Forsvarsmáður H&M í þessu máli hafi ekki farið inn á heimasíðu félagsins enda sé vefsíðan á íslensku og hafi henni ekki verið kunnugt um að síðan væri ekki virk fyrr en framkvæmdastjóri Talent ráðninga og ráðgjafar hafi hringt í hana föstudaginn 16. desember. Aðspurð hafi Lind, þegar forsvarsmáður H&M hafi haft samband við hana, gert grein fyrir því að hún hafi hætt störfum en framkvæmdastjóri Talent ráðninga og ráðgjafar myndi halda rekstri félagsins áfram.

Því sé ljóst að sú staðreynd að heimasíða Talent ráðninga og ráðgjafar hafi ekki verið talent.is þessa ákveðnu helgi í desember hafi ekki haft nokkuð með það að gera að samningi H&M við Talent ráðningar og ráðgjöf hafi verið slitið. Verði þess óskað verði gögnin lögð fram en fram að því verði trúnaðaróskir Talent ráðninga og ráðgjafar virtar.

Það skuli áréttar að í rekstri Fast ráðninga sé ekki á neinn hátt nýtt nafnið TALENT eða neytendur blekkir með því að þeir séu á heimasíðu Talent ráðninga og ráðgjafar eða látið að því liggja að fyrirtækin séu tengd. Orðið *talent* sé ekki að finna á heimasíðunni og hvergi sé vísað til lénsins eða endingarinnar talent.is. Það sé því ekki verið að nota tákn eða merki sem séu lík heiti Talent ráðninga og ráðgjafar í atvinnustarseminni, litapema sé annað, heimasíða sé sett upp á annan hátt, heimilisfang sé annað og ávallt sé auglýst undir nafni Fast ráðninga. Það sé hins vegar ekki neitt launungamál að Lind hafi starfað við ráðningar í fjöldamörg ár og margir viðskiptavinir tengi hana við Talent, burtséð frá því hvaða nafn fyrirtæki hennar beri.



Lénið talentradningar.is hafi ekki verið notað í rekstri Fast ráðninga og hafi, líkt og persónulegt netfang eiganda fyrirtækisins, ekkert með mál þetta að gera.

Ítrekað sé að Fast ráðningar telji ekki hafa verið á neinn hátt farið gegn hagsmunum Talent ráðninga og ráðgjafar og að ekki sé notað auðkennið TALENT í atvinnurekstri Fast ráðninga.

Því sé sérstaklega mótmælt að þess sé krafist að greiddar verði dagsektir eða stjórnvaldssektir. Fast ráðningar telji að ekkert tjón hafi orðið af því að rétthafi lénsins hafi nýtt það upp að vissu marki, enda hafi það verið skýrt tilgreint fyrst eftir að hún lét af störfum hvert aðilar gætu leitað ef þeir hygðust ná sambandi við Talent ráðningar og ráðgjöf eða Lind. Eðli ráðningarþjónustu sé að þjónustan sé bundin við einstaka aðila en ekki nafn þjónustunnar sem um ræði. Öll erindi sem borist hafi á netfang Lindar á talent.is netfang sé sjálfvirkt svarað með nýju netfangi hennar en þessir póstar berist aldrei til Fast ráðninga. Því ætti breyting á léni Talent ráðninga og ráðgjafar ekki að hafa haft nein áhrif á viðskipti hennar þar sem öll erindi sem kunni að hafa verið beint til hennar á það netfang, bárust henni. Viðskiptavinir Talent ráðninga og ráðgjafar séu auglýstir á léni þess félags og viðskiptamanna- og umsækjendagrunnar séu hjá félaginu. Lind hafi ekki haft neinar slíkar upplýsingar með sér. Það sé alþekkt að aðilar í atvinnuleit sæki um þau störf sem auglýst séu, burt séð frá því hjá hvaða ráðningarstofu störfin séu auglýst og að atvinnurekendur skipti við þann aðila sem þeir treysti til að fara með ráðningarmál síns fyrirtækis, burt séð frá heiti þess félags. Notkun lénsins talent.is hafi því ekki haft nein áhrif á möguleg viðskipti félagsins Talent ráðningar og ráðgjöf.

4.

Með bréfi Neytendastofu til Fast ráðninga, dags. 7. mars 2017, óskaði stofnunin frekari upplýsinga hvað Faceook síðu félagsins „Fast ráðningar ehf. – talent.is“ varði.

Með tölvubréfi Talent ráðninga og ráðgjafar, dags. 8. mars 2017, bárust Neytendastofu frekari athugasemdir í tilefni Facebook síðu Fast ráðninga. Með tölvubréfinu fylgdu skjámyndir af síðunni sem að mati Talent ráðninga og ráðgjafar taki af öll tvímæli um að Fast ráðningar noti vörumerki Talent ráðninga og ráðgjafar í kynningu og markaðssetningu Fast ráðninga. Auk þess sé vakin athygli á því að Fast ráðningar noti orðasambandið *talent.radningar* í auglýsinga- og markaðsskyni.

Að gefnu tilefni vilji Talent ráðningar og ráðgjöf minna á að félagið rói lífróður við að halda fyrirtækinu á floti og reki það eingöngu til hindrana sem fram hafi komið í málinu. Frá desember 2016 hafi Talent ráðningar og ráðgjöf þannig beðið tugmilljón króna tjón og sé því afar brýnt að niðurstaða fáiast sem allra fyrst í málinu.

5.

Tölvubréf Talent ráðninga og ráðgjafar var sent Fast ráðningum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. mars 2017. Í bréfinu var þess óskað að skýringar eða athugasemdir bærust samhliða við bréfi Neytendastofu og tölvubréfi Talent ráðninga og ráðgjafar.



Svar barst með bréfi, dags. 17. mars 2017. Í bréfinu er ítrekað að Lind sé eigandi lénsins talent.is. Þá segir að ráðningarkerfi Fast ráðninga sé skráð svona hjá Advania. Þegar mál þetta hafi komið upp í byrjun árs hafi verið óskað eftir að skráning ráðningakerfis Fast ráðninga yrði breytt á þann hátt að TALENT kæmi þar ekki fyrir en það hafi ekki gengið eftir. Ekki sé hægt að breyta skráningu fyrr en aðilinn sem sjái um heimasíðuna komi úr veikindafrii. Auðkennið TALENT sé ekkert notað í markaðsstarfi, komi bara sem eitt orð inní slóð. Með bréfinu fylgdu tölvupóstsamskipti sem sýna fram á að viðeigandi lagfæringar verði gerðar innan viku.

Heiti síðu Fast ráðninga á Facebook sé Fast ráðningar. Talent.is komi þar á eftir. Þessi Facebook síða hafi verið stofnuð 2. nóvember 2007 og notað nafnið Talent, öll árin. Því hafi svo verið breytt í Fast ráðningar – talent.is um síðustu áramót af tillitssemi við Talent ráðningar og ráðgjöf. Það sé algjörlega sársaukalaust af hálfu Fast ráðninga að taka talent.is út af Facebook síðunni og hafi það þegar verið gert.

Fast ráðningar minni jafnframt á að orðið talent sé alþjóðlegt orð yfir hæfileika og að það séu hundruð ef ekki þúsundir Facebook síðna sem orðið talent komi fyrir í.

Því sé mótmælt sem röngu að nokkurt tjón hafi skapast vegna þess að orðið talent komi fram í Facebook síðu Fast ráðninga. Um það sé nánar vísað til fyrri svara auk neðangreinds.

Bréf Talent ráðninga og ráðgjafar beri með sér vanþekkingu á rekstri ráðningarstofu. Umsækjendur séu ekki borgandi kunnar. Tekjur ráðningarstofu komi ekki frá umferð um heimasíðu eða skoðun á Facebook síðu, þær komi frá fyrirtækjum sem séu í viðskiptum við ráðningarstofunnar þegar takist að ráða hæfa starfsmenn. Þegar það komi góð störf inn á ráðningarstofu frá fyrirtækjum verði meiri umferð um heimasíðu ráðningarstofunnar. Fast ráðningar hafi auglýst mörg spennandi störf í dagblöðum og á netmiðlum eins og alfred.is, job.is og á heimasíðum dagblaðanna það sem af sé þessu ári, meðal annars heilsíðu auglýsingar. Allar auglýsingarnar hafi verið í nafni Fast ráðninga og vísað á heimasíðuna fastradningar.is. Umferð á þá heimasíðu hafi því verið mjög góð á meðan nær engin umferð sé í gegnum talent.is og engin á talentradningar.is, enda hafi sú síða hvorki verið virkjuð né auglýst.

Augljóslega séu Talent ráðningar og ráðgjöf ekki með spennandi störf auglýst í blöðum eða á heimasíðu og Facebook síðu fyrirtækisins og því komi ekki inn tekjur. Ekkert starf hafi verið auglýst í Fréttablaðinu frá Talent ráðningum og ráðgjöf síðan Lind hafi látið af störfum. Það að rekstur Talent ráðninga og ráðgjafar gangi ekki sem skyldu hafi líklega töluvert meira með það að gera hversu vel viðskiptavinum sé sinnt og hvaða starfsmenn starfi á ráðningarstofunni en það hvaða hjáheiti sé á síðu á samskiptamiðli Fast ráðninga.

Það skuli enn og aftur bent á að Lind hafi unnið við ráðningar til fjölda ára og eigi mjög marga fasta viðskiptavini á meðan framkvæmdastjóri Talent ráðninga og ráðgjafar hafi aðeins unnið að slíku frá haustinu 2015. Það að margir fyrrum viðskiptavinir Talent ráðninga og ráðgjafar



hafi fylgt Lind þegar hún hóf störf hjá Fast ráðningum hafi ekkert með lén eða meinta notkun á auðkenninu TALENT að ræða. Það byggir eingöngu á orðspori hennar og þeirri þjónustu sem hún veitti viðskiptavinum. Langstærstur hluti af tekjum Talent ráðninga og ráðgjafar komi frá fyrrum viðskiptavinum hennar og því hafi fyrirtækið notið góðs af því að hafa haft hana þar í vinnu.

Enn og aftur sé því mótmælt að auðkennið TALENT hafi verið notað með ólögum hætti í rekstri Fast ráðninga eða að nokkur grundvöllur hafi skapast til greiðslu á bótum vegna meintrar ólögmeðrar notkunar.

6.

Bréf Fast ráðninga var sent Talent ráðningum og ráðgjöf til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. mars 2017. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta snýr að kvörtun Talent ráðninga og ráðgjafar ehf. yfir notkun Fast ráðninga ehf., eiganda félagsins og Lind Einarsdóttur, starfsmanns félagsins, á auðkenninu TALENT og léninu talent.is. Lind hafi verið eigandi félagsins Talent ráðningar ehf. sem Talent ráðningar og ráðgjöf keypti í september 2015. Í kjölfar kaupanna var Lind ráðinn til starfa hjá Talent ráðningum og ráðgjöf en við starfslok þar hafi hún tekið lénið talent.is sem vefsíða Talent ráðninga og ráðgjafar hafi verið rekin á. Telur Talent ráðningar og ráðgjöf að Fast ráðningar, eigandi félagsins og Lind hafi brotið gegn ákvæðum 14. gr. og 15. gr.a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Af hálfu Fast ráðninga, f.h. félagsins, eiganda þess og Lindar, er því hafnað að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Lind eigi persónulega lénið talent.is og hafi það ekki verið hluti af sölu félagsins til Talent ráðninga og ráðgjafar. Þá hefur verið á það bent að orðið talent sé almennt.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:



„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.



Bæði fyrirtæki reka ráðningarþjónustu og ráðgjöf tengdu því. Aðilar eru því keppinautar á markaði. Talent ráðningar og ráðgjöf hefur notast við auðkennið TALENT frá stofnun félagsins í september 2015. Félagið á skráð firmaheiti hjá firmaskrá auk þess að hafa átt skráð orðmerkið TALENT hjá Einkaleyfastofu í flokkum 35 og 41 frá janúar 2016. Þá var heimasíða félagsins rekin á vefslóðinni talent.is frá stofnun þess fram í miðjan desember 2016 en frá þeim tíma á vefslóðinni talenttradning.is. Fast ráðningar notast ekki við auðkennið TALENT í firmaheiti eða vörumerki sínu. Ef slegin er inn vefslóðin talent.is er notandi fluttur á vefsíðuna fastradningar.is sem félagið notast við. Við upphaf málsmeðferðar þessa máls notaðist félagið einnig við lénið talent.rada.is en látið hefur verið af því og nú er aðeins notast við lénið fastradningar.is. Fast ráðningar halda úti Facebook síðu sem bar heitið *Fast ráðningar – talent.is* en var breytt við meðferð málsins og heitir nú *Fast ráðningar ehf.*

Orðið talent er enskt orð yfir hæfileika og verður að teljast almennt orð. Neytendastofa telur orðið hins vegar ekki lýsa starfsemi Talent ráðninga og ráðgjafar og Fast ráðninga með þeim hætti að það sé einkennalaust. Það er því mat stofnunarinnar að orðið er sérkannandi fyrir starfsemi ráðningarfyrirtækis og til þess fallið að það geti notið einkaréttar.

Lénið talent.is hefur verið skráð frá árinu 2007. Lind, skráður réttshafi lénsins, rak áður félagið Talent ráðningar og starfaði hjá Talent ráðningum og ráðgjöf um stutt skeið. Á þeim tíma sem hún starfaði hjá Talent ráðningum og ráðgjöf var hún skráður réttshafi lénsins og er enn þrátt fyrir að lénið sé nú í notkun Fast ráðninga. Eins og málum er hér háttáð getur Neytendastofa á grundvelli 15. gr. a. laga nr. 57/2005 ekki tekið afstöðu til þess í hverju kaupsamningur Talent ráðninga og Talent ráðninga og ráðgjafar felst og hvort lénið hafi verið hluti af kaupum félagsins. Að teknu tilliti til þess að lénið talent.is var í notkun Talent ráðninga og ráðgjafar frá stofnun félagsins og þar til Lind lét af störfum hjá félaginu og að teknu tilliti til þess að Talent ráðningar og ráðgjöf eiga skráð orðmerkið TALENT hjá Einkaleyfastofu, sem veitir þar með félaginu einu heimild til notkunar auðkennisins í þeim þjónustuflokkum sem það er skráð, telur Neytendastofa Talent ráðningar og ráðgjöf njóta einkaréttar til auðkennisins.

Orðið talent er upphafsorð í firmaheiti Talent ráðninga og ráðgjafar auk þess að vera fyrirferðamest í myndmerki félagsins. Þá er til þess að líta að í um eitt ár hefur vefslóð félagsins verið talent.is. Þrátt fyrir að firmaheiti félaganna séu afar ólík og útlit vefsíðna líka telur Neytendastofa það skapa mikla hættu á ruglingi að vefslóðin talent.is leiði notanda inn á vef Fast ráðninga.

Fast ráðningar hefur látið af notkun auðkennisins á Facebook síðu sinni og í vefslóð en félagið tengir lénið talent.is þó enn við vefsíðu sína með þeim hætti að notandi sem slær inn vefslóðina talent.is er fluttur á vefslóðina fastradningar.is. Með vísan til ofangreinds er það mat Neytendastofu að slík notkun auðkennisins brjóti gegn rétti Talent ráðninga og ráðgjafar til auðkennisins og þar með 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er Fast ráðningum og Lind bönnuð notkun auðkennisins með þeim hætti að



ruglingshætta skapist við Talent ráðningar og ráðgjöf. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa telur að svo stöddu ekki tilefni til álagningu stjórnvaldssektar en verði ekki farið að banni stofnunarinnar má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

III.

Ákvörðunarorð:

„Fast ráðningar ehf., Skútuvoði 3, Reykjavík, og Lind Einarsdóttir hafa með notkun auðkennisins TALENT í atvinnustarfsemi sinni brotið gegn ákvæðum 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Fast ráðningum ehf. og Lind Einarsdóttur bönnuð notkun auðkennisins með þeim hætti að rugling geti skapað við Talent ráðningar og ráðgjöf ehf.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 11. apríl 2017

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir